



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

3. fundur stjórnar 2024-2025 föstudaginn 31. maí 2024
kl. 13.00 - 15.00 haldinn í Gimli, stofu 301 og á Teams.

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir, Guðný Björk Eydal, Ólafur Páll Jónsson, Ragna Benedikta Garðarsdóttir.

Á Teams: Hermína Gunnþórsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson.

Forföll: Þóroddur Bjarnason.

Gestur fundarins: Gylfi Magússon.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Kjarasamningar og kröfugerð félagsins. Framhald.
2. Næsti fundur.
3. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 13.00.

1. Kjarasamningar og kröfugerð félagsins.

Rætt um ýmis atriði tengd kjaraviðræðum:

Samstarf í kjaraviðræðum.

Þörf er á herferð til að upplýsa um mikilvægi akademískra starfa.

Virðismat starfa; hvernig gæti það nýst prófessorum eða akademísku starfsfólki?

Hvar eru sóknarfæri? Fara í verkfall?

Fjársýsla ríkisins er að endurskoða hvernig fólk telur tímana sína. Sigrún átti fund með þeim. Hvernig gæti slík vinna nýst okkur í samningum og kjaraviðræðum?

Þurfum að rækta með okkur stéttarvitund meðal akademískra/prófessora og standa vörð um réttindi.

Kl. 14:00 kom Gylfi Magnússon sem gestur inn á fundinn.

Ragna Benedikta Garðarsdóttir kom á sama tíma.

Gylfi hefur mikið skoðað lífeyrismál opinberra starfsmanna. Grein í Vísbendingu dregur saman hve illa var farið með opinbera starfsmenn í LSR-A deild árið 2017. Tjónið byrjaði að raungerast í fyrra. Lækkun áunninna réttinda getur ekki staðist stjórnarskrá að hans mati. Til að LSR hefði verið leiðrétur hefði þurft 200 milljarða. Hefði það verið gert 2017 hefði þurft eitthvað yfir 100 milljarða. Þyrfti að sækja leiðréttingar í kjarasamningum, m.a. annars á þeim forsendum að fyrri samningar hafi verið vanefndir. Lítur ekki mjög vel út í ár á forsendum annarra samninga.

Spurt var hvort rök í okkar máli væru að akademískt starfsfólk byrjar að borga seint í lífeyrissjóð? Einnig hvað það merkir að þetta sé aldurstengt?

Gylfi sagði að jöfn réttindaávinnsla væri í gamla kerfinu. Í nýja kerfinu væri aldurstengd ávinnsla þannig að króna sem þú borgar inn um þrítugt vegur þyngra en króna sem þú borgar við lok starfsævinnar. Starfsferill sem er styttri á að skila sér í hærri launum en það væri rétt að hafa líka aðra réttindaávinnslu í lífeyriskerfinu. Rætt var um að það óréttlæti sem í þessu felst. Gylfi upplýsti að sambærilegt hafi gerst hjá Brú lífeyrissjóði og LSR með skerðingu lífeyris.

Umræða var um að hægt væri að reikna út hve mikil kjaraskerðing í þessu felst og bera saman við aðra hópa. Hægt að nota til að meta menntun til launa í tapi lífeyris.

Gylfi sagði að ef það væri dómur sem félli þá væri ríkið ábyrgt fyrir að greiða inn í lífeyrissjóði það sem vantar til að standa við fyrra samkomulag.

Stefnt að fundi með Kolbrúnu og Vilhjálmi í BHM ásamt Gylfa í næstu viku.

Rætt var um hvernig hægt væri að vekja athygli á okkar kjörum. Gera samanburð við aðra hópa eins og framhaldsskólakennara bæði varðandi launakjör og lífeyrisréttindi. Kanna verði hvort Vilhjálmur reikni það út fyrir okkur.

2. Næsti fundur.

Næsti fundur samkvæmt áætlun verður föstudaginn 7. júní kl. 12-14.

3. Önnur mál.

Það voru engin önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15.00.

Fundarritari: EMJB.